



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Efni: Þátttaka Reykjavíkurborgar á fundinum Borgir framtíðar sem haldinn verður í London dagana 6. og 7. júní 2019***

Dagana 6. og 7. júní standa fræðslufirvöld í London fyrir fundinum „Borgir framtíðar“ (e. Cities of the Future). Formanni skóla- og frístundaráðs og sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs hafa borist boð á fundinn frá skipuleggjandanum Dr. Anne Bamford sem stýrir og leiðir stefnumótun í tengslum við menntun, menningu og hæfni á sviði samfélagsþjónustu og þjónustu við börn í London. Dr. Bamford er skólafólki á Íslandi að góðu kunn en hún vann viðamikla úttekt á stöðu [list- og menningarfræðslu](#) hérlendis fyrir um 10 árum síðan á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Meðal þeirra áskorana sem við stöndum frammi fyrir er að þróa menntun barna með þeim hætti að hún mæti kröfum framtíðarinnar. Borgaryfirvöld í London fengu [NESTA, samtök sem sérhæfa sig í nýsköpun](#) til að vinna rannsókn á því hvaða lykilmæni þyrfti að tileinka sér á vinnumarkaði framtíðarinnar. Niðurstöður NESTA eru teknar saman í 12 atriðum undir yfirheitinu „Fusion Skills“ sem mætti á íslensku kalla færni til samvirkni og samruna. Þessir hæfniþættir eru: samskiptafærni/færni til að tjá sig í töluðu og rituðu máli, samstarfshæfni/teymisvinna, frumkvæði, lausnarleit, skipulagshæfni, aðlögunarhæfni, sjálfstæði/sjálfræði, gagnrýnin hugsun, þrautseigja/seigla, sköpun, hæfni til að greina og meta. Áhugavert er að endurspeglar þessa þætti í menntastefnunni „Látum draumana rætast“.

Á þessum fyrsta fundi af þremur sem skipulagðir verða á næstu þremur árum er einungis boðið fulltrúum 6 borga í Evrópu og er Reykjavík ein af þeim borgum en í bréfi Dr. Bamford segir:

Reykjavik is one of the Cities of the Future. These are cities or parts of cities where there is a clear link between education, business and the cultural and creative sector. They are forward looking places with a focus on developing and enhancing skills for the future within an ethical context of social mobility and sustainability.

Ekki er um hefðbundna ráðstefnu að ræða heldur vinnusmiðju eða fund sem er byggður upp sem skapandi vettvangur samræðu og tengslamyndunar þar sem þátttakendur eru virkir í samtali við sérfræðinga um þróun lausna og hugmynda fyrir næstu skref. Áætlað er að á næsta ári verði

sex borgum bætt við í samtalið og öðrum sex borgum á þriðja ári. Meginmarkmið fundarins nú er að fjalla um ofangreinda þætti „fusion skills“ HVAD þarf að gera til að innleiða þá í menntun og samfélagsþróun og HVERNIG getum við sem best unnið að því. Til viðbótar verður lögð áhersla á að:

- Þróa áhrifamikið tengslanet borga þar sem eru glögg tengsl á milli menntunar, atvinnulífs og menningar og skapandi greina.
- Valdefla þátttakendur til þess að taka virkan þátt í fundinum til þess að byggja upp nýja þekkingu og skapa sterk sambönd og tengsl.

Fyrri daginn verður fundur með fulltrúum borganna sex en seinni daginn verður, auk fulltrúa borganna, boðið til samtals aðilum frá þriðja geiranum, fyrirtækjum og samtökum sem eru leiðandi í nýsköpun, tækni og samfélagsþróun, einstaklingum og stofnunum sem þegar hafa þróað leiðir til að meta og greina „fusion skills“, aðilum úr skapandi greinum og menningu, stefnumótandi aðilum, fólki úr fræðasamfélaginu, frumkvöðlum úr hópi einstaklinga og ungu fólki sem hefur endurskilgreint og ögrað núverandi gildum.

Þáttökugjald er ekkert en þátttakendur þurfa að greiða uppihald og ferðakostnað. Kostnaður rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Skúli Helgason og Katrín Atladóttir borgarfulltrúar í skóla- og frístundaráði ásamt Fríðu B. Jónsdóttur deildarstýru Nýsköpunarmiðju menntamála á skóla- og frístundasviði munu sækja fundinn.